



Erindi meistaraflokks UMFÁ í körfubolta til Garðabæjar

Garðabær, 7.maí 2018

Fyrir tveimur árum var ákveðið að endurvekja starfsemi meistaraflokks í körfubolta á Álfþanesi og var lið UMFÁ skráð í þriðju deild. Þetta var gert með talsvert stuttum fyrirvara en fyrsti veturinn nýttist vel í skipulag starfsins og að efla hópinn. Liðið endaði eftir þennan vetur um miðja deild og var það ágætur árangur miðað við aðdragandann. Liðið var svo aftur skráð til leiks í vetur og tókst þá betur til. Skipulag og utanumhald var til fyrirmyndar og að endingu vann liðið Íslandsmeistaratitil í þriðju deild og mun því spila í annarri deild næsta vetur.

Fyrir það tímabil er ljóst að við þurfum að styrkja umgjörðina hjá okkur og ráða þjálfara sem og bæta við leikmönnum. Til þessa höfum við skipt þjálfun á milli reynslumestu manna sem og staðið straum að öllum kostnaði sjálfir. Fyrirtæki og einstaklingar hafa stutt við bakið á félaginu sem hefur nýst í ferðalög og kostnað við starfið. Þess ber þó að geta að UMFÁ hefur veitt okkur ferðastyrk upp 100 þúsund krónur, greitt mótsgjald í deildina og Garðabær útvegað okkur aðstöðu sem er til fyrirmyndar. Á meðan starfið var að þróast töldum við ekki ástæðu til að gera miklar kröfur um fjárframlag.

Með þátttöku í annarri deild á næsta ári er ljóst að þörf er á auknum stuðningi við starfið. Ráða þarf þjálfara sem og endurskoða leikmannamál. Við stefnum á að ná góðum árangri í annarri deild og höfum reynslumikla aðila til að halda utan um metnaðarfullt starf.

Leiðarljósið í okkar starfi er að efla körfuboltaiðkun í Garðabæ en til viðbótar viljum við vinna eftir neðangreindum markmiðum:

1. Byggja upp starf yngri flokka í körfubolta á Álfþanesi. Nú er staðan þannig að í yngri flokkum þurfa börn að sækja æfingar hjá Stjórnunni sem þau gætu annars sótt í íþróttahús okkar á Nesinu. Með uppbyggingu í meistaraflokki sjáum við okkur fært að bjóða upp á þjálfara fyrir yngri flokka til að byggja upp starf þeirra auk þess að leikmenn meistaraflokks tækju að sér að kynna körfubolta fyrir nemendum Álfþanesskóla.
2. Efla samstarf milli Stjórnunnar og UMFÁ með venstrasamningum sem gerir leikmönnum Stjórnunnar kleift að leika með Álfþanesi. Þannig er hægt að tryggja leikmönnum, sem eru ekki að spila sem fastamenn í efstu deild hjá Stjórnunni, leikreynslu. Með þessum hætti væri hægt að þróa samstarf sem fæli í sér verulegan ábata fyrir bæði félög.
3. Standa fyrir metnaðarfullu körfuboltastarfi á Álfþanesi. Með því að ráða þjálfara til liðs við okkur fyrir næsta tímabil auk þess að fá til okkar fleiri leikmenn eigum við verulega möguleika á að ná góðum árangri í annarri deild. Þá munum við einnig leggja áherslu á að vekja athygli á starfi okkar ef gengi okkar stendur undir væntingum.

Þegar gengið var frá nýjum samningi við UMFÁ vegna íþróttastarfs lágu áform okkar í meistaraflokki körfuknattleiksdeildar ekki fyrir. Því viljum við leita til bæjarins með það hvort mögulegt er að auka upphæð styrks til reksturs meistaraflokks í samstarfssamningi Garðabæjar við UMFÁ um eina milljón króna. Með því yrðu stoðir okkar verulega styrktar og líkur á frekari árangri auknar til muna.

Virðingarfyllst og fyrir hönd stjórnar körfuboltadeildar UMFÁ,
Huginn Freyr Þorsteinsson
Brjánn Guðjónsson
Kjartan Atli Kjartansson
Ragnar Arinbjarnarson